



Fundargerð

**Fundur haldinn í Almannavarnarnefnd þriðjudaginn 2.mars 2021
kl. 11:00 í fundarsal BS.bs. að Flugvöllum 29.**

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Úlfar Lúðvíksson, Arnar Steinn Elísson, Einar Jón Pálsson, Ásgeir Eiríksson, Sigurður Skarphéðinsson, Jón Guðlaugsson, Anna Björg Bjarnadóttir, Gunnar Schram, Hannes Friðriksson, Guðlaugur H. Sigurjónsson.

Dagskrá:

1. Rýmingaráætlanir staða.
2. Innviðir staða.
3. Upplýsingamiðlun til erlendra íbúa svæðisins.
4. Önnur mál.

Formaður setur fundinn.

Kjartan tekur til máls og fer yfir ástæðu fundarins sem eru þær jarðhræringar sem hafa verið undanfarna daga.

- Rýmingaráætlanir. Gunnar fer yfir það að sú vinna er í gangi með almannavörnum Ríkissins og er líka verið að fá til vinnunar starfsfólk frá sveitarfélögunum. Rætt um þá áætlun sem er búið að gera fyrir Grindavík og hvaða áætlanir eru til varðandi aðrar sviðsmyndir og hvað sé hægt að nota ef svo ólíklegt verður að grípa þurfi til þess. Einnig að það þurfi að senda út upplýsingar um t.d. gaslykt hvernig fólk bregist við en eins og er ekki verið að tala um neina hættu af því en að biðla til fólks að loka gluggum og þ.h. Kynna fyrir almenningi í gegnum almannavarnir mögulega rýmingar sem eru þó mjög ólíklegar. Lögreglan mun kynna stöðu rýmingaráætlunar fyrir íbúum, hugsanlega með aðstoð Víkurfrétta.
- Innviðir staða. Kjartan spyr út í þá vinnu og hvað sé að fréttu af henni. Jón segir að hann hafi sent á HS-Orku og HS-Veitur og segir hann að engin viðbrögð hafi komið frá þeim ennþá. Rætt um hvað geti gerst ef t.d.

rafmagn detti út, hvort að hægt sé að tengja Suðurnesin inn á Reykjanesvirkjun ef Landsnet færi út og öfugt.

- Upplýsingamiðlun

Hvernig hægt sé að ná til erlendra íbúa, hvort vísa eigi á heimasíðu almannavarna, setja þá slóð inn á vefi bæjarfélagana , facebooksíður vinnuveitendur, Vinnusmálastofnun og fjölmiðla og þ.h. Arnar Steinn kynnti hvernig þetta er í Grindavík og að fræða þurfi fólk um hvernig það geti undirbúið sig fyrir rýmingu. Hvað á að taka með og hvað ekki, merkja heimili þegar þau eru yfirgefin og tilkynna sig í fjöldahjálparstöð

- Önnur mál.

Rætt um að upplýsingagjöfin verði skýr því þó að ekki séu miklar líkur á ýmsum sviðsmyndum að þá fari þetta á stundum ekki þannig frá fjölmiðlum.

Einnig nauðsynlegt að allir sem hafa yfir varaafli/ljósavélum að ráða prófi þær reglulega og tryggi að þeir hafi nægt eldsneyti til að keyra þær í einhverja daga.

Fundi slitið kl. 11:45